

EFTIRLITSSKÝRSLA

Vinnlustöðin hf. Vestmannaeyjar



Dags eftirlits	12.4.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Vinnlustöðin hf.	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Hafnargötu 2	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	700269-3299	Flokkur	Fiskimjölverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Unnar Hólm Ólafsson	ÍSAT nr.	15.20.7 Mjöl og lýsisv.
Fulltrúi fyrirtækis	Kristján Ingi Sigurðsson	Staðsetning	436194,528 327119,082

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram í eftirlitinu: 1) COD og svifagnir mældust yfir leyfilegum mörkum í fráveitumælingum í september 2023. Auk þess mældist of mikil fita í frárennsli hreinsistöðvarinnar.

Tvær ábendingar voru gerðar í eftirlitinu: 1) Rekstraraðila er bent á að þykktarmæla olútanka OH-2 og OH-3. 2) Tryggja þarf að spilliefni berist ekki í umhverfið, t.d. um niðurföll innandyrna.

Eitt frávik, sem varðar niðurstöður frárennismælinga árið 2022, var opið þegar eftirlitið fór fram. Ekki er tilefni til að loka því.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskimjölverksmiðju Vinnlustöðvarinnar í Vestmannaeyjum.

Starfsleyfi Vinnlustöðvarinnar heimilar að framleitt sé fiskimjöl og lýsi úr fiski, afskurði og aukaafurðum. Heimilt er að framleiða úr allt að 1.200 tonnum af hráefni á sólarhring.

Engin vinnsla var í verksmiðjunni þegar eftirlitið fór fram.

Dagskrá eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir starfsleyfi rekstraraðila og stöðuna frá síðasta eftirliti
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Kynningar á fylgiskjölum og áherslum í eftirliti
- Önnur mál
- Skóðunarferð

- Farið yfir starfsleyfi rekstraraðila og stöðuna frá síðasta eftirliti

Vinna við hreinsivirki verksmiðjunnar og útrásir er í gangi. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila á framkvæmdunum að ljúka síðar á árinu.

Eitt frávik var opið þegar eftirlitið fór fram. Það varðar að COD og svifagnir mældust yfir mörkum í mælingum á frárennsli árið 2022. Auk þess mældist of mikil fita í frárennsli frá hreinsistöð. Ekki er tilefni til að loka frávikinu.

Þrjár ábendingar voru gerðar í síðasta eftirliti. Brugðist hefur verið við tveimur þeirra en enn eru dæmi um að spilliefni séu ekki geymd á fullnægjandi hátt.

- Eftirlitsmælingar og skráningar

Grænu bókhaldi fyrir árið 2022 var skilað þann 13. apríl 2023. Frestur til að skila grænu bókhaldi fyrir árið 2023 er til 1. maí nk.

Útstreymisbókhaldi fyrir árið 2022 var skilað þann 24. febrúar 2023. Frestur til að skila útstreymisbókhaldi fyrir árið 2023 er til 1. maí nk.

Frárennismælingar voru gerðar í september 2023. Niðurstöður mælinganna voru að COD og svifagnir mældust yfir leyfilegum mörkum auk þess sem of mikil fita mældist í frárennsli hreinsistöðvarinnar og er það skráð sem frávik frá starfsleyfi.

TVN-mælingum fyrir tímabilið frá 1. janúar 2023 til og með 27. febrúar 2024 var skilað skv. kröfum starfsleyfis. TVN mældist aldrei yfir 100.

Lýsislögn frá tönkum að útskipun (lögn nr. 2) var þrýstiprófuð þann 23. maí 2023 og gerir

Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við áframhaldandi notkun á henni, sbr. bréf stofnunarinnar dags. 16. janúar 2024.

Lýsistankur 2 var þykktarmældur þann 4. júlí 2023 og gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemd við áframhaldandi notkun geymisins sbr. bréf stofnunarinnar dags. 28. ágúst 2023.

Rekstraraðila er bent á að þykktarmæla olíutanka OH-2 og OH-3 þar sem ekki er ljóst hvenær þeir voru síðast mældir.

3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Litlar breytingar urðu á áhættumatinu frá síðasta eftirliti og breyta þær ekki niðurstöðu matsins.

4. Kynningar á fylgiskjölum og áherslum í eftirliti

Í eftirlitinu var farið yfir áætlanir o.fl. sem rekstraraðili skal hafa tiltækt.

Neyðaráætlun og áætlun vegna bráðamengunar voru til staðar og uppfærðar. Tryggingaskírteini vegna bráðamengunar hafs og stranda var tiltækt. Rekstraraðili hefur ekki ISO vottun en vottanir MarinTrust og FEMAS eru í gildi.

5. Önnur mál

Engin önnur mál voru bókuð.

6. Skoðunarferð

Talsverðar framkvæmdir eru í gangi á lóð rekstraraðila og er geymsla spilliefna af þeim sökum ekki í öllum tilfellum fullnægjandi. Rekstraraðili skal tryggja að geymsla spilliefna sé í samræmi við reglur.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 2.17 í starfsleyfi	Svifefni og COD mældust yfir leyfilegum mörkum í mælingum í september 2023. Auk þess mældist, í sömu mælingum, of mikil fita í frárennsli hreinsistöðvarinnar.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á að þykktarmæla olíutanka OH-2 og OH-3 þar sem m.a. vegna eigendaskipta, er óljóst hvenær þeir voru mældir síðast.

Unnið er að endurbótum á lóð verksmiðjunnar en rekstraraðili skal samt sem áður sjá til þess að farið sé eftir öllum reglum, m.a. um geymslu efna.


ANNAÐ

Minnt er á að lýsislögn 1 (frá verksmiðju að tönkum 1 til 3) og lýsislögn 6 (tött frá tönkum 1 til 3) þarf að þrýstiprófa fyrir lok árs 2025.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 24.06.2024


Freyr Ávarsson

